



## Miklar hækkunar á hlutabréfamarkaði á árinu 2015

Árið 2015 var ár mikilla hækkana á hlutabréfamarkaði. Úrvalsvísitalan<sup>1</sup> hækkaði um 43% á árinu. Hlutabréfamarkaðurinn hefur verið að byggjast upp undanfarin ár, eftir nær algjört hrun árið 2008, og voru 3 ný félög skráð í kauphöllina á liðnu ári. Markaðurinn tók vel í nýskráningarnar og var umframeftirspurn í útboðunum.

Þróunin var hæg frameftir ári, en þegar leið að sumri tók markaðurinn við sér. Þannig hafði úrvalsvísitalan hækkað um 10% innan árs þann 1. júní, en endaði í 43% hækkun þann 31. desember. Ekki eru öll félög í Kauphöllinni í Úrvalsvísitölunni, þegar litið er á vísitölu sem mælir öll félög í Kauphöllinni (OMXI all-share) er hækkunin á árinu 35%.


Þegar hækkun úrvalsvísitölnnar undanfarin ár er skoðuð sést að síðastliðið ár er það besta frá hruni. Úrvalsvísitalan lækkaði um 3% árið 2011 en hefur hækkað á hverju ári frá því. Árin 2012 og 2013 nam hækkunin 16% og 19% en 2014 var hækkunin einungis 4%. Árið 2015 var því mjög gott á íslenskum hlutabréfamarkaði.

### Misjöfn þróun einstakra félaga

Þó svo að úrvalsvísitalan hafi hækkað um 43% milli ára hefur þróun einstakra félaga verið misjöfn. Ekkert félag lækkaði þó á árinu. Bréf í Marel, Icelandair, N1 og Regin hækkuðu umfram úrvalsvísitöluna. Bréf í Eimskipum (+1,6%) og Símanum (+3,7%) hækkuðu minnst árið 2015, hafa þó í huga að í tilfalli Símans kom fyrirtækið ekki á markað fyrir en í október. Þá voru væntingar háar til Eimskipa á árinu, en þær hafa ekki raungerst og getur það skýrt litlar hækkunar á árinu.


Ástæður mikillar hækkunar á bréfum Marel má m.a. finna í að Marel hefur sýnt stöðugan rekstrarbata undanfarin misseri, félagið var orðið lítið skuldsett og reksturinn gekk vel. Markaðurinn tók svo vel í tilkynningu um kaupin á MPS og telja fjárfestar að

### Úrvalsvísitalan




Heimild: Kodiak

### Breyting á úrvalsvísitölunni



Heimild: Kodiak

### Hækkun á árinu 2015



Leiðrétt fyrir arðgreiðslum og hlutfjárlægkunum  
Heimild: Kodiak

<sup>1</sup> Ekki eru öll félög í kauphöllinni í Úrvalsvísitölunni. Úrvalsvísitalan OMXI8 samanstendur af: Eimskip, HB Granda, Icelandair, Marel, N1, Reitir, Síminn, VÍS. Í þessari Hagsjá er notast við OMXI8 vísitöluna án leiðréttinga fyrir arðgreiðslum nema annað sé tekið fram.



félagið falli vel að Marel. Í tilfalli Icelandair er nærtækast að benda á þann mikla vöxt sem hefur verið í komum erlendra ferðamanna til landsins og aukin ferðalög Íslendinga út fyrir landssteinana. Félagið virðist ætla að sýna töluvert meiri hagnað en vonir stjórnenda stóðu til í upphafi árs. Það hefur skilað góðum uppgjörum og sætanýting er mjög góð. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti ferðaþjónustunnar á næsta ári.

Heilt yfir hafa félögin í Kauphöllinni sýnt góða afkomu, með nokkrum undantekningum þó, t.d. hafa tryggingafélögin verið að berjast við hátt tjónahlutfall en á móti hefur komið góð ávöxtun fjáreigna.

### Meiri hækkunir á Íslandi en í nágrannaríkjum

Þegar litið er á hlutabréfavisitölur í nágrannaríkjunum sést að síðasta ár fór hægar af stað hér en á hinum Norðurlöndum og í Þýskalandi en uppúr miðju ári fór íslenska vísitalan að hækka hratt meðan dró úr hinum. Þýska DAX vísitalan endaði í 10% hækkun á árinu og sú Norræna í 12%. S&P vísitalan lækkaði um 1% og enska FTSE vísitalan lækkaði um 5% á árinu.


Ef litið er á sömu vísitölur aftur til ársbyrjunar 2014 sést að íslenska vísitalan var undir hinum allt fram á haustið 2015. Á því tímabili hefur íslenska OMXI vísitalan hækkað um 49%, Norræna um 22% og S&P 500 um 11%.

Taka verður tillit til þess að úrvalsvísitölur eru oft samsettar úr fáum fyrirtækjum og hækkun þeirra getur því gefið villandi mynd af þróun alls markaðarins. Icelandair og Marel vega þungt í vísitölunni en bæði þessi félög sýndu góðan vöxt og afkomubata á árinu.

### Heildarmarkaðsvirði félaga í kauphöll jókst um 340 ma.kr.


Árið 2015 hækkaði markaðsvirði félaga á aðallista kauphallarinnar úr 634 ma.kr. í 974. Þar af eru 105 ma.kr. hækkun vegna skráningar nýrra félaga á markað (Eik, Reitir og Síminn) en á árinu voru greiddir 26 ma.kr. í arðgreiðslur. Aukið markaðsvirði vegna hækkunar á verði hlutabréfa árið 2015 nemur því 277 ma.kr. Össur er stærsta fyrirtækið á markaði (212 ma.kr.) en þar á eftir koma Marel (179 ma.kr.) og Icelandair (176 ma.kr.). Markaðsvirði skráðra félaga nam í árslok 2015 um 50% af landsframleiðslu ársins 2014.

Hlutabréfavisitölur árið 2015




Heimild: Thomson Reuters Eikon

Hlutabréfavisitölur 2014-2015



Heimild: Thomson Reuters Eikon

Markaðsvirði félaga í Kauphöll -Breyting árið 2015



Heimild: Kodiak




### Velta á markaði jókst um 101 ma.kr.

Velta á markaði hefur einnig aukist jafnt og þétt. Árið 2014 var heildarveltan í Kauphöllinni 291 ma.kr. en jókst í 392 ma.kr. árið 2015. Veltan var svipuð framan af ári en frá júlí jókst veltan mikið.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir aukningunni. Ný félög komu á markað í vor, áhugi á hlutabréfamarkaðinum er að aukast og skuldabréfaútgáfur hafa verið litlar ásamt jákvæðu innflæði í lífeyrissjóðina. Þá sýndu félögin heilt yfir góð uppgjör.


Mest velta meðal einstakra félaga á árinu var í Icelandair og Marel. Velta með bréf í þeim félögum nam 150 ma.kr. á árinu 2015, sem er 38% af heildarveltu markaðarins það ár og jókst hlutur þessara tveggja félaga úr 35% árið 2014.

Uppsöfnuð velta



Heimild: Kodiak

Meðal velta á dag á árinu 2015



Heimild: Kodiak

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.